

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 283/1994.

Pétur H. Blöndal

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Moniku D. Blöndal

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurði hrundið. Hjón. Skilnaðarsamningur. Börn. Framfærslueyrir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum 15. júní sl. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí sl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og honum breytt á þá leið, að málið verði tekið til efnismeðferðar í héraði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari vísaði máli þessu frá dómi ex officio, en í þinghaldi 1. febrúar 1994 hafði varnaraðili fallið frá frávísunarkröfu, sem byggst hafði á vanreifun á kröfum sóknaraðila.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, gerðu aðilar máls þessa með sér skilnaðarkjarasamning 24. maí 1989. Samkvæmt þeim samningi fékk varnaraðili forsjá 4 barna þeirra hjóna, en sóknaraðili skyldi greiða tvöfalt það meðlag, sem ákveðið er af Tryggingastofnun ríkisins, með hverju barni til 18 ára aldurs þeirra frá 1. maí 1989. Sóknaraðili greiddi meðlög þessi beint til varnaraðila fram til 1. júlí 1990, samtals 730.848 krónur, en þá hætti hann því. Varnaraðili fékk einnig greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins einfalt meðlag með börnunum frá 1. maí 1989. Hefur stofnunin endurkrafið sóknaraðila um þær greiðslur fram til 1. september 1993, samtals 884.946 krónur.

Tvö elstu börn málsaðila urðu 18 ára í ágúst og september 1990. Næstýngsta barnið, Stefán Patrik, f. 28. júní 1976, fluttist til sóknaraðila 15. október 1989 og bjó hjá honum til 1. maí 1992, er hann

fluttist til varnaraðila og bjó þar fram í nóvember 1992. Yngsta barnið, Stella María, f. 30. mars 1980, býr hjá varnaraðila.

Fram til 1. september 1993 hefur sóknaraðili samkvæmt framan-sögðu greitt samtals 1.615.794 krónur í meðlag með börnum sínum.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á reglum um endurgreiðslu of-greidds fjár. Telur hann sig hafa greitt meðlag umfram skyldu, og beri varnaraðila að endurgreiða það, sem umfram er. Aðalkröfu sína byggir sóknaraðili á því, að varnaraðila beri að greiða tvöfalt meðlag með Stefáni Patrik þann tíma, sem hann var hjá sóknar-aðila, varakröfuna á því, að varnaraðila beri að greiða einfalt með-lag með Stefáni Patrik á þessum tíma, og þrautavarakröfuna á því, að honum hafi ekki borið að greiða meðlag með drengnum þann tíma, sem hann stóð straum af útgjöldum vegna framfærslu hans.

Eins og tekið er fram í niðurstöðu hins kærða úrskurðar, byggjast kröfur sóknaraðila í meginatriðum á því, að breytt verði frá ákvæð-um skilnaðarsamnings aðila um meðlagsgreiðslur með syni þeirra, Stefáni Patrik. Ná kröfur sóknaraðila yfir tímabilið frá 15. október 1989 til 1. september 1993.

Í 2. mgr. 20. gr. barnalaga nr. 9/1981 var svohljóðandi ákvæði: „Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.“ Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. barnalaga, nr. 20/1992 getur sýslumaður breytt samningi um framfærslueyri, ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda telji hann, að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns. Er í 2. mgr. 18. gr. kveðið á um það, að 2. mgr. 16. gr. eigi hér við að sínu leyti, en þar er kveðið á um það, að ákvörðun um framfærslu-eyri, sem eindagaður er, áður en krafa er uppi höfð, verði ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess. Í athugasemdum við frumvarp til barnalaga nr. 20/1992 segir svo um 16. gr.: „Greinin er efnislega óbreytt 20. gr. barnalaga, nema lagt er til, að í 2. mgr. verði felld niður ákvæði um, hve langt aftur í tímann breyta megi ákvörðun um eindagaðan framfærslueyri. Á sýslumaður að meta það. Er um að ræða þrengri heimild til að breyta ákvörðun en skv. 20. gr., 2. mgr., barnalaga . . .“.

Af framansögðu leiðir, að það er ekki raunhæft úrræði að vísa

sóknaraðila til sýslumanns með kröfur sínar. Ber því að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að ljúka efnisdómi á málið.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1994.

Mál þetta, sem höfðað er með stefnu, birtri 20. september 1993, var tekið til úrskurðar um frávísun án kröfu í þinghaldi þann 17. maí sl.

Stefnandi er Pétur H. Blöndal, kt. 240644-2319, Kringlunni 19, Reykjavík. Stefnda er Monika D. Blöndal, kt. 310147-5169, Aflagrandu 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefnda verði dæmd til að endurgreiða honum ofgreidd meðlög árána 1989–1993, kr. 1.112.236, með dráttarvöxtum [...].

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Aðilar málsins skildu að borði og sæng þann 7. júlí 1989 og skildu lögskilnaði þann 3. ágúst 1990. Þann 24. maí 1989 sömdu þau um skilnaðarkjör og samkvæmt þeim samningi fékk stefnda forsjá fjögurra barna þeirra en stefnandi lofaði að greiða tvöfalt meðlag með hverju barni til 18 ára aldurs þess. Í leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðarleyfinu er þetta ákvæði tekið upp.

Stefnandi greiddi meðlög beint til stefndu frá því í maí 1989 og þar til í júlí 1990 er hann hætti því. Stefnda lagði þann 28. júlí 1989 inn umsókn hjá Tryggingastofnun ríkisins um greiðslu einfalds meðlags með börnunum og eftir það greiddi stofnunin henni einfalt meðlag með hverju barni og endurkafði stefnanda í gegnum Innheimtustofnun sveitarfélaga eins og tíðkanlegt er.

Í ágúst 1990 varð eitt barnanna 18 ára og annað í september sama ár. Þriðja barnið, Stefán Patrik, hefur allt frá því í október 1989 og þar til málið var höfðað, verið ýmist hjá stefnanda eða stefndu og er það ein af málásástæðum stefnanda, að honum beri ekki að greiða meðlag með því á þeim tíma, er það dvaldist hjá honum, eins og rakið verður í næsta kafla.

— — —

Niðurstaða.

Eins og rakið var sömdu aðilar þann 24. maí 1989 um framfærslu barna sinna og fleira, er tengdist skilnaði þeirra. Samningurinn var lagður til grundvallar við útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng og síðar við útgáfu lögskilnaðarleyfis.

Kröfur stefnanda í þessu máli byggjast í meginatriðum á því að víkja til hliðar ákvæðum samningsins hvað varðar meðlagsgreiðslur með syni hans og stefndu, Stefáni Patrik, eins og rakið var þegar málsástæður stefnanda voru raktar hér að framan.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. barnalaga nr. 20/1992 getur sýslumaður skipað máli á annan veg en framfærslusamningur kveður á um ef þess er krafist og aðstæður hafa breyst.

Samkvæmt þessu lagaákvæði á það undir sýslumann að breyta samningi aðila hvað varðar meðlagsgreiðslur með Stefáni Patrik. Að úrskurði hans fengnum verður fyrst hægt að skera úr um hvað stefnandi kann að hafa ofgreitt stefndu. Málið heyrir því ekki undir héraðsdóm á þessu stigi, og ber að vísa því frá.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
